

og boðum, öllum þeim ótta og þrælsótta, sem þeim hefir verið svarinn. Herópið er „sannleiki og friður“. Og þegar því takmarki er náð,

„Pá verður himininn heiður og skær,
því hann er þá kominn til valda,
sem engan vill neyða, sem öllum er kær,
sem elskar hvert hjarta, sem lifandi slær
og þarf ekki á helviti að halda.“

og þá: „hver maður þorir að þekkja sinn skjöld,
og þarf ekki að krjúpa við gull eða völd.“

og „Pá verða ekki smælingjum veðrin svo hörð
og vistin svo nöpur á fjöllum,
því skjól hefir fundið hin búslausa hjörð,
og hún er þá blíðari, módir vor jörð,
og blesstuð af börnunum öllum.

En að því takmarki hugsar hann sér að starfa.

„Og þó að eg komist ei hálfra leið heim,
og hvað sem á veginum bíður,
þá held eg nú samt á hinn hrjóstruga geim
og heilsa með fögnum vagninum þeim,
sem eitthvað í áttina líður.

Eg trúi því, sannleiki, að sigurinn þinn
að síðustu vegina jafni;
og þér vinn eg, konungur, það sem eg vinn,
og því stíg eg hiklaus og vonglaður inn
í frelsandi framtíðar nafni.“

Þorsteinn á í ýmsu sammerkt við Englendinginn Huxley. Þrátt fyrir hans miklu óbeit á kyrkjuríki og kúgunaranda er hann enginn sérlegur biblióvinur. Hann kann að meta fegurðina og skáldskapinn þar engu síður en annarstaðar, sé hann þar að fyrirhitta, sem ljósast sést af því, að nokkrar sínar fegurstu líkingar dregur hann þaðan.

Þessu til sönnunar mætti benda á vísuorð eins og þessi:

„Við lifum það kannske ekki landið að sjá,
því langt er þar eftir af vegi;
en heill sé þeim kappa sem heilsa því má,
og hvíla sín augu við tindana þá,
þótt það verði á deyjanda degi.“